

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 252/2014****2015/EES/61/08****frá 13. nóvember 2014****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum  
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarfs aðila að EES-samningnum þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 573/2014/ESB frá 15. maí 2015 um aukið samstarf milli opinberra vinnumiðlana <sup>(1)</sup>.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 8. málsgrein 15. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„9. EFTA-ríkin skulu taka þátt í samstarfi því sem kveðið er á um í eftirfarandi ESB-gerð:

- **32014 D 0573**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 573/2014/ESB frá 15. maí 2015 um aukið samstarf milli opinberra vinnumiðlana (Stjtið. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 32).

EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í starfi stjórnar netsins, þó án atkvæðisréttar.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins berst (\*).

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 32.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.